

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag á Ytra-Hólmi 1, Innri-Akraneshreppi.

Hreppsnefnd Innri-Akraneshrepps hefur samþykkt deiliskipulag fyrir 3 einbýlishús að Ytra-Hólmi 1.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*F.h. hreppsnefndar Innri-Akraneshrepps, 5. október 2004.*

**Ása Helgadóttir** oddviti.

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi, athafnasvæði-Helluhraun, 1. áfangi, Hringhella 14, Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 22. september 2004 breytingu á deiliskipulagi, athafnasvæði-Helluhraun, 1. áfangi, Hringhella 14, Hafnarfirði. Breytingin felst í stækkun byggingarreits til beggja hliða samtals um 5 m. Farið var með breytinguna samkv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 18. október 2004.*

**Bjarki Jóhannesson** sviðsstjóri.

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfirði.

*Nýtt deiliskipulag vegna „Reykjavíkurvegar 50-52 og Flatahrauns 1“.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 14. september 2004 nýtt deiliskipulag fyrir „Reykjavíkurveg 50-52 og Flatahraun 1“ í Hafnarfirði. Tillagan felst í meginatriðum í því að við Reykjavíkurveg 52 og Flatahraun 1 verði gerðar tvær íbúðarlóðir fyrir fjölbýlishús með allt að 78 íbúðum. Jafnframt fellur úr gildi breyting á deiliskipulagi „Iðnaðarhverfis austan Reykjavíkurvegar“ vegna Reykjavíkurvegar 50 sem samþykkt var 7. desember 1999. Farið var með málið samkv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og það yfirfarið af Skipulagsstofnun. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.